

LAGASKIL

Aðalskipulag

Málsmeðferð aðalskipulagstillagna sem Skipulagsstofnun hefur yfirfarið skv. 2. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 skal ljúka samkvæmt sömu lögum. Aðalskipulagstillögur sem ekki hafa hlotið framangreinda málsmeðferð fyrir 1. janúar 2011 hljóta málsmeðferð samkvæmt nýjum skipulagslögum nr. 123/2010.

Deiliskipulag

Málsmeðferð deiliskipulagstillagna sem samþykktar eru til auglýsingar í sveitarstjórn skv. 25. gr. eða 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, fyrir 1. janúar 2011, skal ljúka samkvæmt sömu lögum.

Deiliskipulagstillögur sem samþykktar eru í sveitarstjórn eftir 1. janúar 2011 hljóta málsmeðferð samkvæmt nýjum skipulagslögum nr. 123/2010, óháð því hvar þær eru að öðru leyti staddar í undirbúningsferlinu.

Rökstyðja þarf í greinargerð hvernig deiliskipulagið samræmist meginforsendum aðalskipulags um skipulagssvæðið. Ef ekki liggja fyrir allar meginforsendur fyrir deiliskipulaginu í aðalskipulagi þarf að vinna og kynna lýsingu á skipulagsgerðinni, sbr. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ef tillaga, sem fellur undir ákvæðið um lýsingu, er mjög langt komin í vinnsluferlinu 1. janúar sl., er ekki þörf á að útbúa lýsingu eftir á en engu að síður þarf þá að kynna tillöguna á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt áður en tillagan er samþykkt í sveitarstjórn, sbr. 4. mgr. 40. gr. nýrra skipulagslaga. Auglýsa þarf kynninguna með áberandi hætti.

Til athugunar!

Skipulagsstofnun mun gera athugasemd við deiliskipulag sem henni berst til athugunar eftir auglýsingu samkvæmt nýjum skipulagslögum hafi ákvæðum um lýsingu og kynningu á tillögunni ekki verið fullnægt, þar sem það á við, enda hafi ekki verið sýnt fram á að deiliskipulagið sé í samræmi við allar meginforsendur aðalskipulags.

Til ráða!

Huga þarf vel að ákvæðum 40. gr. nýrra skipulagslaga um samráð við gerð deiliskipulags áður en skipulagsnefnd samþykkir tillögu til auglýsingar skv. 1. mgr. 41. gr. laganna.